

Ed.

374. Frumvarp

til laga um breyting á lögum, er snerta kosningarrétt og kjörgengi
í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga.

Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í Ed.

1. gr.

Kosningarrétt í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga hafa allir kaupstað-
arbúar og hreppsbúar, karlar og konur, í hverri stöðu sem þeir eru, séu þeir 25

ára að aldri þegar kosning fer fram, hafa átt lögheimili í kaupstaðnum eða hreppnum síðastliðið ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, standa ekki í skuld fyrir sveitarstyrk og greiða gjald í bæjarsjóð eða hreppssjóð.

Kona gift kjósanda hefir kosningarrétt, þó hún sé ekki fjár síns ráðandi sökum hjónabandsins og þótt hún ekki greiði sérstaklega gjald í bæjarsjóð eða sveitarsjóð, uppfylli hún að öðru leyti áður greind skilyrði fyrir kosningarrétti.

2. gr.

Kjörgengur er hver sá, sem kosningarrétt hefir. Hjón mega þó aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, heldur eigi foreldrar og börn, né móðurforeldrar eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra.

Konum er jafnan heimilt að skorast undan kosningu.

3. gr.

Með lögum þessum er úr lögum numin 4. gr. laga nr. 22 frá 8. okt. 1883, 5. gr. laga nr. 23 frá 8. okt. 1883, 5. gr. laga nr. 15 frá 8. maí 1894, 8. gr. laga nr. 43. frá 10. nóvbr. 1905, 3. gr. laga nr. 86 frá 22 nóvbr. 1907, 5. gr. laga nr. 75 frá 22. nóvbr. 1907 og allt annað það í lögum, sem í bága kemur við þessi lög.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1910.